



Berglind María Jóhannsdóttir læknir og Elín Edda Sigurðardóttir læknanemi með viðurkenningarskjöl sín. Með þeim á myndinni eru Runólfur Pálsson, formaður Félags íslenskra lyflækna, Rafn Benediktsson, formaður vísinda- og dómnefndar þingsins, og læknarnir Árni Kristinsson og Þórdur Harðarson. Mynd: ljósmyndari Landspítala, Þorkell Þorkelsson.

Verðlaun á þingi Félags íslenskra lyflækna

Runólfur Pálsson

læknir

runolfur@landspitali.is

Á XXI. þingi Félags íslenskra lyflækna sem fram fór í Reykjavík 21.-22. nóvember í haust voru að venju veitt verðlaun fyrir framúrskarandi vísindarannsókn ungs

læknis og læknanema úr Verðlaunasjóði í læknisfræði sem læknarnir Árni Kristinsson og Þórdur Harðarson stofnuðu. Hlutskörpust ungra lækna varð Berglind María Jóhannsdóttir, deildarlæknir við lyflækningasvið Landspítala og doktorsnemi við læknadeild Háskóla Íslands, er hlaut verðlaunin fyrir rannsókn sína á áhrifum æðakölkunar og blóðfitu á langvinnan nýrnasjúkdóm, sem hún vann

undir handleiðslu Hrefnu Guðmundsdóttur nýrnalæknis. Úr röðum læknanema varð Elín Edda Sigurðardóttir, læknanemi á 5. ári, fyrir valinu fyrir rannsókn sína á áhrifum greiningar og eftirfylgni göðkynja einstofna mótefnahækkunar á lifun sjúklinga með mergæxli, sem hún vann undir leiðsögn Sigurðar Yngva Kristinssonar prófessors.